

Tillaga til þingsályktunar

um afléttingu veiðibanns á rjúpu.

Flm.: Gunnar Birgisson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Birkir J. Jónsson, Kristinn H. Gunnarsson, Guðjón A. Kristjánsson, Kjartan Ólafsson, Einar Oddur Kristjánsson, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Þórarinn E. Sveinsson, Bjarni Benediktsson, Birgir Ármannsson, Einar K. Guðfinnsson, Sólveig Pétursdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Pétur H. Blöndal, Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Hjörleifsson.

Alþingi ályktar að umhverfisráðherra aflétti veiðibanni á rjúpu sem fyrst.

Í stað veiðibanns verði eftirfarandi leiðir farnar, ein eða fleiri, til að vernda íslenska rjúpnastofninn án þess að veiðar séu bannaðar: stytting veiðitíma, svæðisbundin friðun, einkum þar sem rjúpu- og fálkastofninn eiga undir högg að sækja, tímabundið sölubann, hámarksveiði á hvern veiðimann og bann við veiðum tiltekna daga vikunnar, sem og aukið eftirlit með banni við notkun vélhjóla og vélsleða við veiðarnar.

Greinargerð.

Með útgáfu reglugerðar nr. 716/2003 ákvað umhverfisráðherra að nýta ekki heimild laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, til að aflétta veiðibanni á rjúpu frá 15. október til 22. desember. Samkvæmt upplýsingum frá umhverfisráðherra er fyrirhugað að bannið gildi í þrjú ár, þ.e. 2003, 2004 og 2005. Veiðar verða því fyrst leyfðar aftur árið 2006. Þá skipaði umhverfisráðherra nefnd til að gera tillögur um fyrirkomulag rjúpnaveiða að loknu veiðibanninu.

Á síðasta þingi var til meðferðar frumvarp til laga um sölubann á rjúpum. Við ítarlega meðferð málsins í umhverfisnefnd Alþingis komst nefndin að þeirri niðurstöðu að sölubann væri ekki vænleg leið til árangurs heldur benti á önnur úrræði sem umhverfisráðherra væru tæk til að takmarka veiðar og vernda rjúpnastofninn, m.a. að stytta veiðitímabilið. Umhverfisráðherra aflaði í kjölfarið álit Nátúrufræðistofnunar sem lagði til algert veiðibann í fimm ár. Umhverfisráðherra féllst á tillögur Nátúrufræðistofnunar um alfriðun rjúpunnar í tiltekinn árafjölda þrátt fyrir að Umhverfisstofnun hefði lagst gegn slíkum aðgerðum enda skorti rannsóknir til að byggja svo afdrifaríka ákvörðun á. Flutningsmenn benda einnig á að ákvörðun umhverfisráðherra gengur þvert gegn vilja umhverfisnefndar Alþingis sem lagði til að beitt yrði öðrum lögmæltum aðferðum en sölubanni á rjúpu og er þá augljóst að nefndin gerði ekki ráð fyrir að ráðherra gripi til alfriðunar þótt löggjafarþingið legðist gegn sölubanni.

Ástand rjúpnastofnsins hefur um nokkurt skeið verið áhyggjuefni manna og telja flutningsmenn rétt að gripa til aðgerða til að hlúa að stofninum og draga úr sókn. Algert veiðibann í þrjú ár er hins vegar mjög róttæk aðgerð sem á sér ekki hliðstæðu í sögu rjúpnaveiða á Íslandi en rjúpan er vinsælasta bráð íslenskra skotveiðimanna. Flutningsmenn telja rétt að áður en gripið er til svo afdrifaríkra aðgerða skuli fyrst reyna önnur úrræði sem vægari eru gagnvart veiðimönnum og almenningi í landinu. Að mati Umhverfisstofnunar var ekki talið að þau

gögn sem umhverfísráðherra byggði mat sitt á sýndu fram á nauðsyn þess að alfriða rjúpuna í tiltekinn árafjölda. Taldi stofnunin rétt að kannað yrði hvort önnur og vægari úrræði mundu ekki nægja til að ná sömu markmiðum.

Flutningsmenn telja að umhverfísráðherra skuli fyrst reyna aðrar aðgerðir en alfriðun og leggja til að notuð verði ein eða fleiri af eftirtöldum leiðum:

1. *Stytting veiðitíma*. Veiðitímabil mætti stytta t.d. í 4–5 vikur.
2. *Svæðisbundin friðun*. Unnt er að fjölga og stækka griðasvæði rjúpunnar en það þarf nánari rannsóknar við hversu umfangsmikil slík svæði eigi að vera. Nú þegar eru nokkur svæði friðuð til rjúpnaveiða, svo sem vegna friðunar einstakra landeigenda, þjóðgarðar og önnur friðlýst svæði.
3. *Tímabundið sölubann*. Tímabundið sölubann með virku eftirliti ætti að geta dregið úr sókn svokallaðra magnveiðimanna sem hafa haft verulegar tekjur af skotveiðinni.
4. *Hámarksveiði á hvern veiðimann*. Unnt er að setja kvóta á hvern veiðimann en samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar eru um 67% veiðikortahafa sem aðeins veiða rjúpu. Meðalveiði á veiðimann hefur verið um 20–25 rjúpur undanfarin ár en þó er talið að um 10% veiðimanna veiði um og yfir helming allra veiddra rjúpna. Ef veiðarnar væru kvótasettar ætti að vera hægt að koma í veg fyrir veiðar í atvinnuskyni. En eðlilegt er að hagsmunasamtök skotveiðimanna settu siðareglur um fjölda veiðiferða og veiddra fugla eins og tíðkast víða í lax- og silungsveiði.
5. *Bann við veiði tiltekna daga vikunnar*. Unnt er að banna veiðar tiltekna daga vikunnar, t.d. að hafa algert veiðibann á sunnudögum og jafnvel 1–2 daga í miðri viku. Með því fækkar veiðidögum innan veiðitímabilsins. Ef veiðitímabil er þannig brotið upp ætti einnig að geta dregið úr ásókn magnveiðimanna.

Að lokum benda flutningsmenn á að með lögum nr. 60/2003, sem öðlast gildi 15. október 2003, verður óheimilt að notast við vélsleða og fjórhjól við veiðarnar. Flutningsmenn leggja áherslu á að virkt eftirlit verði með þessum þætti og ætti það ásamt öðrum aðgerðum sem hér eru upp taldar að geta stuðlað að minni sókn í íslenska rjúpnastofninn.